

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

8. fundur stjórnar L.H. haldinn þriðjudaginn 29. september 1992 í Bændahöllinni við Hagatorg.

Mætt voru: Guðm. Jónsson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Ingimar Ingimarsson, Kári Arnórsson, Sigurður Þórhallsson og Olil Amble. Síðar mættu Kristmundur Halldórsson og Águst Oddsson.

1. Formaður setti fund og gaf Olil Amble formanni Dómarafélags L.H. orðið. Hún las upp greinagerð frá stjórn Dómarafélags sem fjallaði um vandamál er upp hefur komið og varðar Hornafjarðardeild Dómarafélags L.H., en fulltrúar frá henni hafa ekki sinnt því að taka þátt í starfsemi Dómarafélagsins við dómstörf og námskeiðahald þrátt fyrir ítrekuð tilmæli og loforð þar um. Stjórn Dómarafélags fór þess á leit við stjórn L.H. að liðsinna við lausn þessa máls. Stjórn L.H. styður stjórn Dómarafélags í þessu máli og var ákveðið að rita dómurum í Hornafjarðardeild og stjórnnum hestamannafélaga á svæðinu samhljóða bréf þar sem dómurum er gert að mæta á endurmenntunarnámskeið sem sett yrði á laggirnar af þessu tilefni. Skriflegt svar við þessari beiðni þarf að berast skrifstofu L.H. fyrir 1. des. n.k. en að öðrum kosti falla réttindi viðkomandi dómara niður.
2. Olil bar upp annað mál er varðar félagsgjald dómara til síns félags sem ákveðið var að innheimta á síðasta aðalfundi Dómarafélagsins er haldinn var 1990. Ekki hafa allir félagar sætt sig við þessa gjaltdöku og neitað að greiða félagsgjaldið. Stjórn Dómarafélags leitar álits stjórnar L.H. um hvernig taka beri á þessu máli.
Ákveðið var að rita öllum skuldugum félagsmönnum Dómarafélags bréf þar sem tekið verði fram að litið sé svo á að aðalfundarsamþykkt síðasta aðalfundar Dómarafélags um félagsgjald standi og verði haldið áfram að ganga eftir greiðslu en ekki er hægt að beita viðurlögum um félagsaðild í þessu máli. Lagt var til að stjórn Dómarafélags taki þetta mál upp á næsta aðalfundi félagsins t.d. með tilliti til þess hversu hátt félagsgjaldið skuli vera og hvort og þá hvernig það skuli innheimtast.
Er hér var komið sögu yfirlagaf Olil fund.
3. **Undirbúningur 43. ársþings-framh.**
Kári las upp greinagerð frá lyfjanefnd L.H. sem starfar nú annað árið í röð. Greinagerð þessi er allítarleg og er þar m.a. lagt til að innan L.H. sé starfandi lyfjaeftirlitsnefnd, skipuð af stjórn L.H.
Ákveðið var að leggja fram tillögu fyrir næsta ársþing þess efnis, að stjórninni verði heimilað að skipa áðurgreinda nefnd.

Kári nefndi hvort ekki væri rétt að setja á laggirnar sérstaka barna- og unglingsnefnd er sinnti málefnum þessa aldurshóps.

4. Fréttir frá aðalfundi FEIF.

Kári greindi frá þessum fundi sem hann sat ásamt Pétri Jökli Hákonarsyni. Í þessu sambandi las Kári grein er birtist í Morgunblaði þar sem Valdimar Kristinsson ræddi við Pétur Jökul. Rætt hefur verið um að hafa tuttugasta og fimmra aðalfund FEIF á Íslandi.

5. Hesturinn okkar.

Í samræmi við ákvörðun síðasta stjórnarfundar þá ræddi Kári við Gunnar Gunnarsson núverandi útgefanda blaðsins. Gunnar er til með að starfa að útgáfu blaðsins áfram en vill gjarnan fá einhvern annan til liðs við sig. Tveir aðilar hafa sýnt því áhuga að koma að útgáfu blaðsins, annars vegar eru það feðgarnir Sigurjón Valdimarsson og Stefán Sturla og hins vegar Gunni Maggi Árnason sem annast hefur prentun blaðsins. Fram kom í viðræðum Kára við Gunnar að núverandi áskrifendur að blaðinu eru um 2100. Ákveðið var að skipa vinnuhóp til að fara yfir framtíðarhorfur Hestsins okkar og móta í því sambandi einhverjar tillögur. Til þessa verks voru tilnefndir: Kári Arnórsson, Guðm. Jónsson og Kristmundur Halldórsson og skulu þeir gera skil á því verki fyrir 1. nóv. n.k.

6. Um þinghald annað hvert ár.

Stjórnarmenn og framkv.stjóri höfðu kannað viðhorf hestamannafélaganna vítt og breitt um landið og gerðu menn skil á því. Ekki höfðu þó fengist svör frá nærrí öllum félögum. Í grófum dráttum virðast línur liggja þannig að félög á Vestur- og Norðurlandi eru flest fylgjandi þinghaldi annað hvert ár, Suðvesturhornið vill þing árlega en álit Austur- og Suðurlands liggar ekki fyrir. Ekki er ljós niðurstaða í þessu máli en fundarmönum sýndist minni líkur til að meirihluti væri fyrir þinghaldi annað hvert ár.

7. Önnur mál.

Á síðasta stjórnarfundi greindi Kári frá því að hann gæfi ekki kost á sér áfram sem formaður. Í framhaldi af því hreyfði Kári því við Guðmund varformann hvort hann væri til í slaginn. Fram kom að Guðmundur Jónsson gefur kost á sér til formanns og lýstu stjórnarmenn yfir stuðningi við hann í það embætti.

Kári greindi frá því að hann hefði rætt við vegamálastjóra og Magnús Hákonarson varðandi framsögu um aðalmál þingsins, sem er reiðvegamál og umferð ríðandi manna. Báðir þessir aðilar tóku þessari málaleitan frekar líklega en ekkert er þó afráðið.

Borist hefur mótmælabréf undirritað af starfandi landvörðum, varðandi skipulagstillögu um Fljótsdalslínu. Óskað er eftir að mál þetta verði kynnt innan L.H. Erindi þetta var kynnt á fundinum án þess að afstaða væri tekin til þess.

Aðalfundur Landverndar verður haldinn 11 okt. n.k. og má L.H. senda 2 fulltrúa. Ákveðið var að tilnefna Lárus Bragason en auk þess fer starfsmaður

skrifstofu.

Bréf hefur borist frá Málræktarsjóði. Um er að ræða boðsbréf um þátttöku í stofnun þessa sjóðs. Ákveðið var að vísa máli þessu til skrifstofu til skoðunar varðandi fjármögnun.

Kristmundur lagði til að skýrari línum yrðu dregnar í erindaflutningi framsögumanna um reiðvegamál. Ákveðið var að hann legði fram tillögu í þessa veru á skrifstofu samtakanna í þessari viku.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðmundur Jónsson og Sigfús Guðmundsson viku af fundi áður en honum lauk.

Ingimar Ingimarsson
Halldór Gunnarsson
Jón Bergsson

Kári Arnórsson
Sigbjörn Björnsson
Kristmundur Halldórsson.